



Alþingi
Erindi nr. P 139/3026
komudagur 22.8.2011

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 20. ágúst 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (heildarlög) 827. mál.

VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna er sammála 1. gr. frumvarpsins um að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru í óskoraðri þjóðareign og telur að greinin muni tryggja það með því að einstaklingar og lögaðilar fái tímabundinn rétt til afnota eða hagnýtingar á auðlindinni gegn gjaldi. Gjaldið getur hinsvegar ekki orðið að raunverulegri rentu þjóðarinnar af auðlindinni nema með hagkvæmum rekstri þeirra sem hana nýta. Samhliða þarf að tryggja það að útgerðir muni ekki fjármagna gjaldið með því að skerða laun sjómanna.

VM harmar þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið við gerð frumvarpsins, þar sem ekkert samstarf eða samráð var við hagsmunaaðila í greininni. VM harmar einnig að ekki skuli hafa verið haldið áfram og reynt að semja breytingarnar á lögunum um stjórn fiskveiða, út frá niðurstöðu svokallaðar sáttarnefndar sem lauk störfum í september 2010.

Þá hafa ekki verið skoðaðar til fulls þær efnahagslegu afleiðingar sem fyrirhugaðar breytingar, samkvæmt frumvarpinu, hafa á afkomu atvinnugreinarinnar og þjóðarinnar allrar.

Pólítískt vald til að deila og drottna í atvinnulífinu er eitthvað sem VM taldi að væri liðin tíð og fullreynt með skelfilegum afleiðingum eins og fyrirhugað er að frumvarpið muni færa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og einnig sveitastjórnnum.

Í frumvarpinu er ekki tekið mið af þeirri staðreynd, að veiðar og vinnsla sjávarafurða eru hátækniíðnaður og störfum í þessum greinum hefur sífellt farið fækkandi. Störfum í sjávarútvegi hefur fækkað frá 1991 úr 14.200 störfum við veiðar og vinnslu í um 7000 árið 2008, hætta er á að þessi þróun mun halda áfram vegna aukinnar tæknivæðingar við veiðar og vinnslu.

Afkastageta veiða og vinnslu er langt frá því að vera fullnýtt í dag og því lítil skynsemi að auka fjárfestingarnar og skuldir greinarinnar, sem til framtíðar mun þýða skerðingu á lífskjörum almennings í landinu.



Þess vegna lýsir VM yfir andstöðu við frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða í þeirri mynd sem það er lagt fram.

Frumvarpið er að álit VM unnið út frá þröngum og illa ígrunduðum hagsmunum. Vinnubrögðin við að semja frumvarpið og framsetning þess er í raun vitnisburður um innihaldið. Sjávarútvegur verður ekki rekinn eins og landbúnaður með niðurgreiðslum og styrkum sem fjármagnaðir eru með skattfé almennings. Þeir fjármunir eru ekki til, sjávarútvegurinn verður að standa undir sér og vera sjálfbær. Það er fullreynt með skelfilegum afleiðingum eins og sagan segir þegar sjávarútvegurinn var rekin með tapi, endalausum gengisfellingum og verðbólgu, sem endurspegladist síðan í skertum lífskjörum almennings.

Þær miklu breytingar sem orðið hafa á atvinnuháttum í sjávarútvegi, með aukinni tæknivæðingu og afköstum við veiðar og vinnslu verður ekki snúið við og röskun á tilveru margra sjávarbyggða verður ekki umflúin við þessar breytingar. Efnahagslegur fórnarkostnaður til að hamla á móti framþróuninni er í þessu tilfalli of mikill.

Röskun á búsetu víða á landsbyggðinni vegna breyttra atvinnuhátta í sjávarútvegi, verður ekki snúið við með valdbeitingu, hana verður að leysa með öðrum aðferðum. Það kjarkleysi þingmann að hafa ekki viljað viðurkenna breytingarnar og taka á þeim af skynsemi er meðal annars ástæða þess að þetta frumvarp kemur fram í þeirri mynd sem það er. VM styður það heilshugar að talsverðu fjármagni verði varið í að koma með raunverulegar aðgerðir fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem haf orðið fyrir skaða vegna breyttra atvinnuhátta í sjávarútvegi.

VM telur ekki ástæðu til að fara efnislega í ákveðnar greinar frumvarpsins, heldur koma eftirfarandi áherslum á framfæri.

VM telur fulla ástæðu til að endurtaka það sem áður hefur komið fram í umsögninni að verið sé að gera stórar breytingar á umhverfi undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar án þess að kannaðar séu til hlítar efnahagslegar afleiðingar breytinganna á afkomu fyrirtækjanna í greininni og lífskjör almennings í landinu til framtíðar.

Fyrir hvern eða hvaða þjóðfélagshóp þessar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er verið að gera, hefur VM ekki enn komið auga á. Það virðist ekki vera tilgangur laganna eins og þau eru lögð fram að vera til hagsbóta fyrir sjávarútveginn og auka efnahagslega hagsæld almennings í landinu til framtíðar.



VM telur að ýmislegt þurfi að lagfæra í umhverfi sjávarútvegsins t.d. verðmyndun á fiski og ýmislegt fleira. Þessa vinnu þarf hinsvegar að vinna og nálgast út frá því umhverfi sem sjávarútvegurinn er í dag og reyna að horfa fram á við. Í hvað átt atvinnugreinin er að þróast til að tryggja hámarks arðsemi af atvinnugreininni fyrir þjóðarbúið. Ekki færa umhverfi atvinnugreinarinnar áratugi til baka og láta almenning í landinu borga þá breytingu með skertum lífskjörum.

VM mótmælir því harðlega fyrir hönd vélstjóra á fiskiskipaflotanum, sem hafa lífsviðurværi sitt af sjómennsku, að verið sé að taka af þeim störfin og færa öðrum. Atvinnugreinin hefur þurft að sætta sig við niðurskurð aflaheimilda og fækkun starfa. Það er því eðlileg krafa þeirra sem hafa lífsviðurværi sitt af sjómennsku, að atvinna þeirra og starfsmöguleikar verði ekki skertir frekar fyrir aðra, jafnvel af áhuga fiskimönnum sem hafa fulla vinnu í öðrum atvinnugreinum.

Það er því tillaga VM að frumvarpið verði dregið til baka og hafin vitræn og heilsteyp vinna við að endurskoða lög um stjórn fiskveiða og það verði gert hratt til að eyða þeirri óvissu sem þessu fylgir fyrir atvinnugreinina.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna

Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.